

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 5. mars 2025

**Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðflugsljós á Reykjavíkflugvelli.**

Lagt er til að erindi Isavia frá árinu 2023 um breytingu á deiliskipulagi vegna aðflugsljósa fyrir Reykjavíkflugvöll, verði lagt fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur við fyrsta tækifæri.

Greinargerð:

Ljóst er að óhæfilegur dráttur hefur orðið á vinnslu málsins. Í breytingunni, sem lögð er til, felst minni háttar stækkun, hækkun og hliðrun á byggingarreitum, auk minni háttar hliðrun á göngu- og hjólastíg samkvæmt fyrirbyggjandi uppdráttum. Um er að ræða mikilvægt öryggismál vegna aðflugs að Reykjavíkflugvelli.